

Aðalfundur Leiknar 2014.

Haldinn í fundarsal hjá BSRB að Grettisgötu 89 í Reykjavík, fimmtudaginn 22. maí árið 2014.

Fundurinn hófst kl. 13.

Mættir voru:

Austurbrú ses.

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir.

Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands

Guðrún Lárusdóttir.

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Bryndís Þráinsdóttir.

Aðalheiður Reynisdóttir.

Jóhann Ingólfsson.

Félagsmálaskóli alþýðu

Eyrun Björk Valsdóttir.

Fjölmennt - símenntunar og þekkingarmiðstöð ses

Framvegis miðstöð símennt. ehf.

Sólveig Hildur Björnsdóttir.

Fræðslumiðstöð atvinnulífs ehf.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Smári Haraldsson

Fræðslunetið - símenntun ses.

Ásmundur Sverrir Pálsson

Fræðslusetrið Starfsmennt

Hulda Anna Arnljótsdóttir

Hafnarfjarðarkaupstaður

IÐAN - fræðslusetur ehf.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesja

Guðjónína Sæmundsdóttir

Anna Lóa Ólafsdóttir

Mímir - símenntun ehf.

Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir

Námsflokkar Reykjavíkur

Iðunn Antonsdóttir

SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Erla Björg Guðmundsdóttir

Hildur Bettý Kristjánsdóttir

Valgeir Magnússon

Símenntunarmiðstöð Vesturlands

Inga Dóra Halldórsdóttir

Guðrún Vala Elíasdóttir

Viska, fræðslu- og símenntunarmiðst. Vest.

Valgerður Guðjónsdóttir

Þekkingarnet Þingeyinga ses

Óli Halldórsson

Erla Dögg Ásgeirsdóttir

Hilmar Valur Gunnarsson

Stjórnarformaður Hildur Bettý Kristjánsdóttir bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort fundarmenn gerðu athugasemdir við fundarboð og lögmæti fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun eða lögmæti fundarins.

Stjórnarformaður stakk uppá Huldu Önnu Arnljótsdóttur sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri stakk uppá Smára Haraldssyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri gaf þá Önnu Lóu Ólafsdóttur orðið og flutti erindi um hamingjuna, sem hún kallaði *Hamingjan er hér*.

Var gerður góður rómur að erindinu og svaraði Anna Lóa fyrirspurnum að því loknu.

Kl. 13.40 að loknu erindi Önnu Lóu var gengið til dagskrár aðalfundar.

Dagskrá var samkvæmt 12. grein samþykkt Leiknar.

1. Skýrsla stjórnar.

Stjórnarformaður Hildur Bettý Kristjánsdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2013 – 2014.

Stjórnin hóf störf sín með vinnufundi á Akureyri í september 2013.

Helstu verkefni stjórnar Leiknar á starfsárinu voru síðan að standa fyrir fræðsluerindi í fjarfundi, vinna að heimasíðu, vinna í starfshópi um íslenska hæfnirammann, þátttaka í Nordic Baltic fundum og þátttaka í NVL verkefni. Í máli formanns kom einnfremur fram að stjórn hafi haft áhuga að fjölga aðilum að Leikn og kom fram stuðningur við það sjónarmið á fundinum.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Gjaldkeri Guðrún Lárusdóttir gerði grein fyrir ársreikningum fyrir árið 2013.

Reikningar voru undirritaðir af stjórn og kjörnum endurskoðuðum, þeim Ásmundi Sverri Pálssyni og Valgeiri Magnússyni.

Tekjur Leiknar á árinu 2013 voru 616.552 kr. (áætlun var 470 þúsund krónur) og gjöld 1.576.261 kr. (1.050 þúsund krónur). Rekstartap var því 959.709 kr. en var áætlað kr. 580 þúsund. Óinnheimtar og ófærðar tekjur voru rúmar 200 þúsund krónur.

Eignir í árslok voru kr. 1.321.057 krónur.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Eftir umræður um 1. og 2. dagskrárlíð bar fundarstjóri árskýrslu og reikninga upp til afgreiðslu og var hvorutveggja samþykkt samhljóða.

Jafnframt var stjórn falið að móta stefnu um færslu og uppsetningu ársreikninga og meta hvort lagabreytinga væri þörf til að stemma af starfsár og bókhaldsár.

4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld.

Gjaldkeri Guðrún Lárusdóttir gerði grein fyrir tillögum stjórnar að árgjaldi 2014 og fjárhagsáætlun.

Stjórnin lagði til að árgjald yrði óbreytt, krónur 50 þúsund á hvern stofnaðila. Þá gerir stjórnin ráð fyrir tekjum kr. 1.220.000 og að gjöld verði 1.602.000 krónur. Áætluð inneign á bankareikningi í árslok 2014 yrði um 900 þúsund krónur.

Árgjald og fjárhagsáætlun voru samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar.

Engar tillögur bárust um lagabreytingar, en nokkur umræða varð um ákvæði 11. greinar um að reikningsár samtakanna. Samþykkti fundurinn að fela stjórn að endurskoða þetta ákvæði.

5. Kosning formanns.

Stjórnarformaður Hildur Betty Kristjánsdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs til formanns eða í stjórn.

Var þá stungið uppá Eyrúnu Björk Valsdóttur sem formanni og var hún kjörin með lófataki.

6. Kjör stjórnar (þegar við á).

Á aðalfundi 2013 var stjórn kjörin til tveggja ára.

Þar sem Hildur Betty lætur af stjórnarsetu færast Smári Haraldsson úr varastjórn í aðalstjórn. Þá gaf Anna Lóa Ólafsdóttir varastjórnarmaður ekki kost á sér til áframhaldandi setu og Iðunn Antonsdóttir kaus að ganga úr stjórn. Stjórn Leiknar fyrir næsta starfsár er því ásamt nýkjörnum formanni skipuð Guðrúnu Lárusdóttur, Huldu Önnu Arnljótsdóttur, Smára Haraldssyni og Hildi Betty Kristjánsdóttur. Varamenn í stjórn voru kjörnar þær Guðrún Vala Elíasdóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir.

Þeim Önnu Lóu, Iðunni og Hildi Betty voru þökkuð góð störf í stjórn Leiknar.

7. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Ásmundur Sverrir Pálsson og Valgeir Magnússon.

8. Önnur mál.

8.1 Framtíðarsýn.

Að ósk stjórnar kannaði fundarstjóri hvaða framtíðarsýn fundarmenn hefðu til starfsemi Leiknar og lagði fyrir 3 spurningar. Þær voru:

1. Hvernig eflum við fagmennsku í fullorðinsfræðslu?
2. Hvernig sinnum við betur nýsköpun í fullorðinsfræðslu?
3. Hvernig opnum við aðgang að Leikn og gerum samtökin sýnilegri?

Fundarstjóri skipaði Hildi Betty Kristjánsdóttur hópstjóra yfir 1. hópnum, Eyrúnu Björk Valsdóttur yfir 2. hóp og Önnu Lóu Ólafsdóttur hópstjóra yfir 3.

hópnum. Hópstjórar munu senda fundarmönnum niðurstöður hópanna og stjórn nýta til að skerpa áherslur nýja starfsársins.

Fundarstjóra og fundarritara vara falið að ganga frá fundargerð.

Fundi var slitið k. 15.